

FUNDARGERÐ

248. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn miðvikudaginn 3. júní 2026, kl. 13:00 í gegnum Teams

Mætt:

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson

Anna Karen Úlfarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson

Dagskrá

1. Útgáfa starfsleyfis fyrir heitloftspurrkun fiskafurða hjá Samherja Ísland ehf., Austurhlíðarvegi 2, Laugum í Reykjadal.

Lagt er fram til endanlegrar afgreiðslu starfsleyfi fyrir heitloftspurrkun fiskafurða hjá Samherja Ísland ehf. að Laugum í Reykjadal. Málið er tekið fyrir að nýju í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA-2602020, dags. 1. júní 2026. Í úrskurðinum kom fram að samþykki og birting á samstarfssamningi um valdframsal til framkvæmdastjóra HNE hafi ekki verið að fullu frágengin samkvæmt lögum, og því litið svo á að útgáfa leyfisins þann 12. janúar sl. hafi falið í sér tillögu til heilbrigðisnefndar, en ekki lokaákvörðun stjórnvalds.

Heilbrigðisnefnd telur að með þeim úrbótum og skilyrðum sem sett eru í leyfinu hafi verið brugðist við þeim athugasemdum, sem fram komu á kynningartíma starfsleyfisins, á fullnægjandi hátt.

Með vísan til þess telur nefndin málið nægjanlega upplýst og samþykkir samhljóða útgáfu starfsleyfisins með gildistíma til 12. janúar 2038, með því skilyrði að leyfið verði tekið til heildarendurskoðunar fyrir 12. janúar 2028.

2. Önnur mál

- *Rætt um stöðu mála á Moldhaugnahálsi, í Hamragerði 15 og Setbergi. Einnig framtíðar fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á landsvísu og skipan í Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.*
- *Næsti fundur er á dagskrá 10. júní nk.*

Fundi slitið kl. 13:30

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson